


24. mars 2022

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.) (416. mál)**

Frumvarpið var sent óbyggðanefnd til umsagnar 10. þessa mánaðar. Það varðar þó ekki verkefni nefndarinnar með beinum hætti, enda er lagt til í b-lið 9. gr. að úrlausnir á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, verði undanþegnar ákvæðum þess kafla sem lagt er til að verði I. kafli A í lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Kafliinn hefur að geyma ýmis ákvæði um merki fasteigna, svo sem um skráningu merkja og hnitsetningu. Í skýringum um tilvitnað ákvæði b-liðar 9. gr. er útskýrt hvers vegna gert er ráð fyrir að meðferð hinna svonefndu þjóðlendumála verði undanþegin umræddum ákvæðum. Taka má undir að rétt sé að úrlausnir á grundvelli laga nr. 58/1998 verði undanþegnar lögnum að þessu leyti, enda hillir undir lok þess verkefnis sem lögin kveða á um og máli skiptir að samræmis sé gætt hvað varðar verklag á landinu í heild. Rétt er að benda á að í lok umfjöllunar um 9. gr. segir að niðurstöður sem feli í sér að svæði sé eignarland feli í sér eignarheimild íslenska ríkisins en hið rétta er að það eru niðurstöður um þjóðlendur fela í sér eignarheimildir til handa ríkinu.

Það sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins um að fyrirsvarsmenn jarða í sameign hljóti lögbundið umboð til að taka ákvarðanir um hagsmunagæslu vegna sameignarinnar kann mögulega að einfalda undirbúning hagsmunagæslu landeigenda fyrir óbyggðanefnd, sérstaklega í tilvikum þar sem sameigendur eru margir.

Fyrir hönd óbyggðanefndar,



Þorsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri